

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „5.738 kr.“ í 2. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: 6.075 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2006 vegna tekna ársins 2005.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpinu er lagt til að gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra verði hækkað um 5,87% eða 337 kr. og nemi 6.075 kr. á hvern gjaldanda í stað 5.738 kr. samkvæmt gildandi lögum. Hækkunin er vegna verðlagsbreytinga en gert er ráð fyrir að byggingarvísitala hækki um 5,87% frá verðlagi í desember 2003 til desember 2004.

Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:*

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að sérstakt gjald sem skattstjórar leggja á þá sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, og rennur í Framkvæmdasjóð aldraðra skuli nema 6.075 kr. á hvern gjaldanda í stað 5.738 kr. í gildandi lögum. Á árinu 2006 er gert ráð fyrir að gjaldendur verði um 170.700 og tekjur sjóðsins hækki um 98 m.kr. á greiðslugrunni og verði 1.002 m.kr. miðað við 96,6% innheimtuhlutfall. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2006 er gert ráð fyrir þeirri hækkun.